

Fréttabréf Holtaskóla



Desember 2024



Krakkakosningar

Krakkakosningar eru samstarfsverkefni umboðsmanns barna og KrakkaRÚV og voru haldnar í sjöunda sinn. Börn eiga rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif á samfélagið eins og kemur fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nemendur horfðu á kynningarmyndband frá hverjum flokki sem voru í framboði til Alþingiskosninga og í kjölfarið var gengið til kosninga. Settir voru upp kosningarbásar bæði á Malarvellinum og í Holtaskóla og fengnir voru kosningarstjórar til að leiðbeina og aðstoða nemendur á kjörstað.

Kosningarnar vöktu mikla lukku og var gaman að heyra mismunandi skoðanir nemenda eftir aldri og þeirra upplifun af því að ganga til kosninga í fyrsta sinn. Niðurstöðum kosninga í Holtaskóla var skilað til RÚV og voru niðurstöðurnar kynntar á kosninganótt þann 30. nóvember.

[Hér má sjá myndir frá kosningunum.](#)

Dagur íslenskrar tónlistar

Þann 29. nóvember var dagur íslenskrar tónlistar haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni voru nemendur búnir að æfa lagið Húsið og ég (mér finnst rigningin góð) og stýrði Helgi Björnsson söng beint frá Hörpunni.

Harpa Jóhannsdóttir stýrði nemendum 1.-5. bekkjar í samsöng á Malarvellinum af þessu tilefni og var frábært að fylgjast með nemendum og starfsmönnum taka undir og syngja saman.

[Hér má sjá myndband frá samsöngnum](#) og [hér myndir](#)





Jólaskreytingardagur

Jólaskreytingardagur var föstudaginn 29. nóvember. Þann dag var uppbrotsdagur, en þá er stundatöflu nemenda breytt, en upphaf og lok skóladags er samkvæmt hefðbundinni stundatöflu.

Nemendur bjuggu til jólaskraut og var Holtaskóli settur í jólabúning. Jólalög hljómuðu á meðan sérúur voru settar í glugga, skraut hengt upp og nutu bæði nemendur og starfsfólk sín vel.

[Hér eru nokkrar myndir frá deginum.](#)



Lestrarvinir hittast

Meðlimir Lýðræðisráðs Holtaskóla fengu það hlutverk að ræða við bekkjarfélaga sína um hvaða viðburði þeir vildu hafa í desember. Allir voru sammála um að lestrarvinir myndu hittast tvisvar.

Vegna vetrarleyfis og starfsdaga hafði bangsadagurinn ekki verið haldinn og vildu nemendur því hittast í fyrra skiptið í Holtaskóla og mæta í kósýfötum og með bangsa í tilefni af bangsadeginum.

Í seinna skiptið hittust nemendur á Malarvellinum, lásu saman, lituðu og fönnduðu og gæddu sér á heitu kakó með rjóma og piparkökum. Báðar stundir heppnuðust vel og vöktu mikla gleði hjá nemendum eins og [sjá má hér.](#)



Helgileikur - 5. bekkur

Hefð hefur verið fyrir því að 5. bekkur setji á svið helgileik. Að þessu sinni var hann sýndur í Hljómahöll og voru nemendur 1.-4. bekkjar áhorfendur ásamt foreldrum nemenda í 5. bekk. Frammistaða nemenda var til fyrirmyndar og var augljóst að mikil vinna og stífar æfingar lágu að baki sýningunni. Þær Belen Meza Calix og Svala Dís Gísladóttir spiluðu á píanó. Nemendur 1.-4. bekkjar fá einnig hrós fyrir að vera góðir áhorfendur, en framkoma þeirra var til stakrar þrýði og var virkilega gaman að fylgjast með öllum nemendum þennan dag. [Hér má sjá myndir frá helgileiknum.](#)



Jólatónleikar hljómsveitarvals

Á haustönn hefur Holtaskóli boðið upp á hljómsveitarval. Miðvikudaginn 18. desember og fimmtudaginn 19. desember spiluðu meðlimir í valinu, þeir Christopher Darri Agnarsson og Róbert Örn Bjarnason fyrir nemendur Holtaskóla undir stjórn Hörpu Jóhannsdóttur kennara.

Var yndislegt að hlusta á ljúf jólalög og söng hljóma um ganga skólans og auðvitað tóku nemendur undir. Gaman verður að fylgjast með valfaginu þrást og hlökkum við til að hlýða á næstu tónleika. [Hér má sjá myndir](#) frá tónleikunum og [myndband](#) frá [Malarvellinum](#).



Jólamynd

Fimmtudaginn 19. desember fengu nemendur að horfa á jólamynd. Í 6.-10. bekk gátu nemendur gátu valið á milli 8 jólamynda en yngri bekkir fengu val um tvær myndir til að horfa á.

Þennan dag máttu nemendur koma með snakk eða popp auk þess að koma með gosdrykk í skólann. Það vakti mikla gleði, enda sjaldan sem það er leyfilegt.

Dagurinn var yndislegur og höfðu allir gaman af.



Stofujól

Föstudaginn 20. desember voru stofujól og mættu spenntir og þrúðbúnir nemendur í skólann. Nemendur áttu notalega stund með umsjónarkennara og starfsmönnum. Sumir árgangar lásu jólasögu saman, aðrir voru með jólabingó og einhverjir fóru í jóla-Kahoot spurningaleik. Nemendur máttu taka með sér smákökur og drykki að heiman til að gæða sér á. [Hér eru nokkrar myndir](#) frá stofujólunum

Að loknum stofujólum fóru nemendur heim í jólaleyfi og hefst skólastarf að nýju mánudaginn 6. janúar samkvæmt stundaskrá.





Af starfsfólki

Um miðjan nóvember fór starfsfólk Holtaskóla í vel heppnaða námsferð til Brentwood í Bretlandi til þess að læra enn meira um leiðsagnarnámið sem verið er að innleiða í skólann og þær aðferðir sem notaðar eru.

Þar tók á móti okkur John Morris sem var með námskeið, ásamt því að starfsfólk skoðaði fjóra skóla til að sjá aðferðir leiðsagnarnámsins í framkvæmd og það námsumhverfi sem hægt er að skapa. Það er óhætt að segja að starfsfólkið hafi komið heim með margar nýjar hugmyndir og verkfæri í farteskinu og var ferðin afar vel heppnuð.

Ferðin var einnig nýtt til þess að fara á leik með liðinu MK Dons, en það lið er í miklu uppáhaldi hjá starfsmönnum Holtaskóla. Söguna á bakvið það má lesa í jólablaði Víkurfrétta.

Í vikunni hittist starfsfólk skólans og bakaði saman lagköku í heimilisfræðistofunni. Það er að mörgu að hyggja við slíkan bakstur eins og starfsfólkið komst að raun um. Samveran var notaleg og afraksturinn afar bragðgóður.

Við þökkum Írisi heimilisfræðikennara kærlega fyrir leiðsögnina og aðstoðina við baksturinn.

Jólalestrarbingó

Læsteymi Holtaskóla sendir jólalestrarbingó heim með nemendum. Þeir nemendur sem fylla alla reitina í bingóinu í jólafríinu fara í pott en einn heppinn vinningshafi verður dreginn út í hverjum árgangi í byrjun janúar.

Við vonum að allir finni skemmtilegar bækur í jólapökkunum og hafi nóg af skemmtilegu lestrarefni yfir hátíðina. Ef einhvern vantar eintak af bingóinu, þá er hægt að [sækja það hér](#).

Lestrarbingó Holtaskóla

| Við kertaljós | Með kakóbolla | Fyrir fjölskylduna | Með jólasveinahúfu |
|-------------------------|----------------------------|-------------------------|--------------------|
| Á fimmtudegi | Undir borði | Í sófanum | Fyrir dýr |
| Með piparköku | Liggjandi á gólfinu | Undir sæng með vasaljós | Í herberginu minu |
| Í baði með eða án vatns | Áður en ég borða morgunmat | Í náttfötunum | Þú mátt ráða |

15

minútur

Skilaboð til foreldra/forráðamanna:

- Lesa í a.m.k. 15 mínútur á dag.
- Munið að kvíttu fyrir lesturinn í Læsir.
- Það má bæta krossa yfir einn reit á dag.
- Bingóið hefst 20. desember og skal skila til kennara 6. janúar.
- Dregið verður úr útfylltum bingóspjöldum og hlýtur einn úr hverjum ásgangi bókaverðlaun.




Framkvæmdir í Holtaskóla

Framkvæmdir við Holtaskóla ganga mjög vel og gerum við ráð fyrir að taka næsta áfanga í notkun eftir áramót.

Eikin mun flytja á efri hæð álmunnar við bílastæði Holtaskóla og 6. og 7. bekkur verður á neðri hæðinni. Við skólabyrjun næsta haust er stefnt að því að matsalurinn verði klár og miðstigsálma verði tilbúin næstu áramót.

Við hvetjum öll til að horfa á [myndband](#) sem við fengum af framtíðar Holtaskóla.



Að lokum



Kæru foreldrar/forráðamenn og nemendur

*Gleotileg jól og
farsætt komandi ár*

Við óskum ykkur öllum góðra samverustunda
yfir hátíðina og þökkum fyrir gott og gæfuríkt
samstarf á árinu sem er að líða.



Jóla­kveðja,
Starfsfólk Holtaskóla

